AUGLÝSING

um Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum.

Fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum var afhent 20. júní 1984. Samningurinn var gerður í Strassborg 20. apríl 1959. Einnig var afhent fullgildingarskjal vegna viðbótarsamnings við samninginn sem gerður var í Strassborg 17. mars 1978. Samningurinn og viðbótarsamningurinn voru undirritaðir fyrir Íslands hönd 27. september 1982.

Þeir voru fullgiltir samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 13/1984.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og viðbótarsamningurinn sem fylgiskjal 2.

Við fullgildingu voru gerðir fyrirvarar og yfirlýsingar gefnar í samræmi við ákvæði samningsins, sbr. fylgiskjal 3.

Samningurinn og viðbótarsamningurinn öðlast gildi fyrir Ísland 18. september 1984.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. júní 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal 1.

EVRÓPUSAMNINGUR

um gagnkvæma aðstoð í sakamálum

Inngangur

Ríkisstjórnir þær sem undirritað hafa samning þennan og eru aðilar að Evrópuráðinu,

Hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að auka samheldni aðildarríkja þess

Telja að samþykkt sameiginlegra reglna um gagnkvæma aðstoð í sakamálum muni stuðla að því markmiði

Telja að slík gagnkvæm aðstoð tengist framsalsmálefnum sem þegar er fjallað um í samningi er undirritaður var 13. desember 1957

Hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

EUROPEAN CONVENTION

on Mutual Assistance in Criminal Matters

PREAMBLE

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity among its Members;

Believing that the adoption of common rules in the field of mutual assistance in criminal matters will contribute to the attainment of this aim;

Considering that such mutual assistance is related to the question of extradition, which has already formed the subject of a Convention signed on 13th December 1957,

Have agreed as follows:

I. KAFLI
Almenn ákvæði

1. gr.

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að veita hver öðrum, samkvæmt ákvæðum samnings þessa, víðtækustu gagnkvæma aðstoð í sakamálum vegna afbrota sem eru þess eðlis að refsing fyrir þau sé innan lögsagnar dómsmálayfirvalda beiðanda þegar farið er fram á aðstoðina.

2. Samningur þessi nær ekki til handtöku og gæslu, fullnustu refsidóma eða afbrota samkvæmt herlögum sem ekki teljast til afbrota samkvæmt almennum hegningarlögum.

2. gr.

Synja má um aðstoð:

a. Ef beiðnin varðar afbrot sem aðili sá er henni er beint til telur stjórnmálaafbrot, afbrot framið í tengslum við stjórnmálaafbrot eða afbrot sem varðar skatta.

b. Ef aðilinn sem beiðni er beint til telur að framkvæmd hennar sé líkleg til að skaða fullveldi, öryggi, almannareglu eða aðra grundvallarhagsmuni lands síns.

CHAPTER I
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1

1. The Contracting Parties undertake to afford each other, in accordance with the provisions of this Convention, the widest measure of mutual assistance in proceedings in respect of offences the punishment of which, at the time of the request for assistance, falls within the jurisdiction of the judicial authorities of the requesting Party.

2. This Convention does not apply to arrests, the enforcement of verdicts or offences under military law which are not offences under ordinary criminal law.

ARTICLE 2

Assistance may be refused:

(a) if the request concerns an offence which the requested Party considers a political offence, an offence connected with a political offence, or a fiscal offence;

(b) if the requested Party considers that execution of the request is likely to prejudice the sovereignty, security, *ordre public* or other essential interests of its country.

II. KAFLI
Réttarbeiðnir

3. gr.

1. Aðilinn sem beiðni er beint til skal láta framkvæma á þann hátt, sem lög hans gera ráð fyrir, hvers kyns réttarbeiðnir varðandi sakamál, sem dómsmálayfirvöld beiðanda senda honum í þeim tilgangi að afla sannana eða fá send sönnunargögn, skýrslur eða málsskjöl.

2. Óski beiðandi eftir að vitni eða sérfróðir menn beri eiðfest vætti ber honum að fara gagngert fram á það. Aðilanum sem beiðni er beint til ber að verða við henni svo fremi landslög banni það ekki.

3. Aðilinn sem beiðni er beint til getur sent staðfest afrit eða staðfest ljósrit af skýrslum eða málsskjölum sem um er beðið nema beiðandi fari gagngert fram á að frumrit verði send, en í því tilfelli ber fyrrnefndum aðila að verða við beiðni ef unnt er.

4. gr.

Fari beiðandi þess gagngert á leit ber aðilanum sem beiðni er beint til að nefna stað og stund er

CHAPTER II
LETTERS ROGATORY

ARTICLE 3

1. The requested Party shall execute in the manner provided for by its law any letters rogatory relating to a criminal matter and addressed to it by the judicial authorities of the requesting Party for the purpose of procuring evidence or transmitting articles to be produced in evidence, records or documents.

2. If the requesting Party desires witnesses or experts to give evidence on oath, it shall expressly so request, and the requested Party shall comply with the request if the law of its country does not prohibit it.

3. The requested Party may transmit certified copies or certified photostat copies of records or documents requested, unless the requesting Party expressly requests the transmission of originals, in which case the requested Party shall make every effort to comply with the request.

ARTICLE 4

On the express request of the requesting Party the requested Party shall state the date and place

réttarbeiðni verður framkvæmd. Yfirvöld og aðilar er hagsmuna eiga að gæta mega vera viðstaddir ef aðilinn sem beiðni er beint til samþykkir það.

of execution of the letters rogatory. Officials and interested persons may be present if the requested Party consents.

5. gr.

1. Með yfirlýsingu, sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, getur sérhver samningsaðili við undirritun samnings þessa eða við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals áskilið sér rétt til að framkvæmd réttarbeiðna varðandi leit eða hald á munum verði háð einu eða fleirum eftirtalinna skilyrða:

a. Að afbrotið sem leiddi til réttarbeiðninnar sé refsivert að lögum bæði beiðanda og aðilans sem beiðni er beint til.

b. Að afbrotið sem leiddi til réttarbeiðninnar geti leitt til framsals frá því landi sem beiðni er beint til.

c. Að framkvæmd réttarbeiðninnar sé í samræmi við landslög þess aðila sem beiðni er beint til.

2. Nú gefur samningsaðili yfirlýsingu í samræmi við 1. tl. greinar þessarar og geta allir aðrir aðilar áskilið sér gagnkvæmni.

ARTICLE 5

1. Any Contracting Party may, by a declaration addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, when signing this Convention or depositing its instrument of ratification or accession, reserve the right to make the execution of letters rogatory for search or seizure of property dependent on one or more of the following conditions:

(a) that the offence motivating the letters rogatory is punishable under both the law of the requesting Party and the law of the requested Party;

(b) that the offence motivating the letters rogatory is an extraditable offence in the requested country;

(c) that execution of the letters rogatory is consistent with the law of the requested Party.

2. Where a Contracting Party makes a declaration in accordance with paragraph 1 of this Article, any other Party may apply reciprocity.

6. gr.

1. Aðilinn sem beiðni er beint til getur frestað afhendingu hvers kyns hluta, skýrslna eða málsgagna, sem um er beðið, ef hann þarf á þeim að halda í sambandi við sakamál sem er til meðferðar.

2. Hvers kyns hlutum svo og frumskýrslum eða frummálsgögnum, sem afhent eru vegna framkvæmdar á réttarbeiðni, ber beiðanda að skila aðila, sem beiðni er beint til, eins fljótt og auðið er nema síðarnefndur aðili falli frá kröfu um skil.

ARTICLE 6

1. The requested Party may delay the handing over of any property, records or documents requested, if it requires the said property, records or documents in connection with pending criminal proceedings.

2. Any property, as well as original records or documents, handed over in execution of letters rogatory shall be returned by the requesting Party to the requested Party as soon as possible unless the latter Party waives the return thereof.

III. KAFLI
Birting stefna og dómsákvarðana - fyrirkall vitna, sérfróðra manna og ákærðra aðila

CHAPTER III
SERVICE OF WRITS AND RECORDS OF JUDICIAL VERDICTS — APPEARANCE OF WITNESSES, EXPERTS AND PROSECUTED PERSONS

7. gr.

1. Aðila sem beiðni er beint til ber að sjá um birtingu stefna og dómsákvarðana, sem beiðandi sendir honum í þeim tilgangi.

Birta má stefnu eða dómsákvörðun einfaldlega með því að koma henni til þess, sem birta ber. Fari beiðandi þess gagngert á leit ber aðilanum sem

ARTICLE 7

1. The requested Party shall effect service of writs and records of judicial verdicts which are transmitted to it for this purpose by the requesting Party.

Service may be effected by simple transmission of the writ or record to the person to be served. If the requesting Party expressly so requests, service

beiðni er beint til að framkvæma birtingu á þann hátt sem ráð er fyrir gert um birtingu samsvarandi málsskjala samkvæmt löggjöf hans eða á annan sérstakan hátt sem er í samræmi við þá löggjöf.

2. Sönnun um birtingu ber að veita með útgáfu á móttökuviðurkenningu sem dagsett er og undirrituð af þeim sem birt er eða með yfirlýsingu aðilans sem beiðni er beint til á þá leið að birting hafi verið framkvæmd og sé getið um form og dagsetningu birtingar. Senda skal beiðanda þegar í stað annað hvort skjala þessara. Fari beiðandi fram á það skal aðilinn sem beiðni er beint til geta þess hvort birting hafi verið framkvæmd í samræmi við löggjöf síðarnefnds aðila. Sé ekki hægt að framkvæma birtingu ber aðilanum sem beiðni er beint til að tilkynna beiðanda þegar um ástæðu þess.

3. Með yfirlýsingu, sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, getur sérhver samningsaðili við undirritun samnings þessa eða við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals beiðst þess að birting stefnu á hendur sökuðum manni er dvelur á landssvæði aðilans verði send yfirvöldum aðilans innan tiltekins tíma áður en ákveðið er að fyrirtaka sé í málinu. Tímamörk þessi ber að tiltaka í ofangreindri yfirlýsingu og skulu þau ekki fara fram úr 50 dögum.

Taka ber tímamörk þessi til greina þegar dagsetning fyrirtöku er ákveðin og þegar stefnan er send.

8. gr.

Nú lætur vitni eða sérfróður maður sem stefnt hefur verið undir höfuð leggjast að sinna stefnu og skal hann ekki sæta neinni refsingu eða frelsisskerðingu enda þótt í stefnunni sé kveðið á um refsingu nema hann síðar af frjálsum vilja komi til landssvæðis beiðanda og verði þar lögum samkvæmt stefnt á ný.

9. gr.

Þóknun, þ. á m. dvalarkostnaður, sem beiðanda ber að greiða svo og ferðakostnaður sem honum ber að endurgreiða vitni eða sérfróðum manni reiknast frá dvalarstað hans og miðast a. m. k. við þær upphæðir, sem ráð er fyrir gert í þeim reglum er gilda í landi því, þar sem ætlað er að vitnaleiðslan fari fram.

10. gr.

1. Telji beiðandi brýna nauðsyn bera til að vitni eða sérfróður maður komi persónulega fyrir dómsmálayfirvöld beiðanda ber að geta þess í beiðni um birtingu á stefnu og aðilanum sem

shall be effected by the requested Party in the manner provided for the service of analogous documents under its own law or in a special manner consistent with such law.

2. Proof of service shall be given by means of a receipt dated and signed by the person served or by means of a declaration made by the requested Party that service has been effected and stating the form and date of such service. One or other of these documents shall be sent immediately to the requesting Party. The requested Party shall, if the requesting Party so requests, state whether service has been effected in accordance with the law of the requested Party. If service cannot be effected, the reasons shall be communicated immediately by the requested Party to the requesting Party.

3. Any Contracting Party may, by a declaration addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, when signing this Convention or depositing its instrument of ratification or accession, request that service of a summons on an accused person who is in its territory be transmitted to its authorities by a certain time before the date set for appearance. This time shall be specified in the aforesaid declaration and shall not exceed 50 days.

This time shall be taken into account when the date of appearance is being fixed and when the summons is being transmitted.

ARTICLE 8

A witness or expert who has failed to answer a summons to appear, service of which has been requested, shall not, even if the summons contains a notice of penalty, be subjected to any punishment or measure of restraint, unless subsequently he voluntarily enters the territory of the requesting Party and is there again duly summoned.

ARTICLE 9

The allowances, including subsistence, to be paid and the travelling expenses to be refunded to a witness or expert by the requesting Party shall be calculated as from his place of residence and shall be at rates at least equal to those provided for in the scales and rules in force in the country where the hearing is intended to take place.

ARTICLE 10

1. If the requesting Party considers the personal appearance of a witness or expert before its judicial authorities especially necessary, it shall so mention in its request for service of the summons

beiðni er beint til ber að skora á vitnið eða sérfróða manninn að koma fyrir.

Aðilanum sem beiðni er beint til ber að tilkynna beiðanda svar vitnisins eða sérfróða mannsins.

2. Í því tilfelli, sem ráð er fyrir gert í 1. tl. greinar þessarar, ber að geta þess í beiðni eða stefnu hver sé áætluð þóknun sem greidd verði og ferða- og dvalarkostnaður sem endurgreiddur fáist.

3. Ef þess er sérstaklega beiðst getur aðilinn sem beiðni er beint til veitt vitninu eða sérfróða manninum fyrirframgreiðslu. Ber að geta um upphæð fyrirframgreiðslu í stefnunni og ber beiðanda að endurgreiða hana.

11. gr.

1. Ef beiðandi óskar eftir að maður sem er í haldi komi til vitnaleiðslu eða samprófunar ber að flytja hann um stundarsakir til landssvæðis þar sem ætlað er að vitnaleiðslan eða samprófunin fari fram, að því tilskildu að hann sé fluttur til baka innan þeirra tímamarka er aðilinn sem beiðni er beint til tiltekur og með hliðsjón af ákvæðum 12. gr. að svo miklu leyti sem þau eiga við.

Synja má um flutning:

a. Ef sá sem er í haldi samþykkir hann ekki.

b. Ef nærvera hans er nauðsynleg í sakamáli, sem er til meðferðar á landssvæði aðilans sem beiðni er beint til.

c. Ef flutningur kann að lengja frelsisskerðingu hans.

d. Ef fyrir hendi eru aðrar mikilvægar ástæður fyrir því að flytja hann ekki til landssvæðis beiðanda.

2. Í tilfelli sem fellur undir næstu málsgrein hér á undan ber að heimila flutning manns sem er í haldi um landssvæði þriðja ríkis sem er aðili að samningi þessum samkvæmt umsókn er öll nauðsynleg málsskjöl fylgi og stíluð eru frá dómsmálaráðuneyti beiðanda til dómsmálaráðuneytis aðila, sem ræður landssvæði því er farið er fram á flutning um, sbr. þó ákvæði 2. gr.

Samningsaðili getur synjað um að heimila slíkan flutning á eigin ríkisborgurum.

3. Maður sem fluttur er skal hafður í haldi á landssvæði beiðanda og, þar sem við á, á landssvæði aðila sem beðið er um flutning um nema aðilinn sem beiðni er beint til fari fram á losun hans.

and the requested Party shall invite the witness or expert to appear.

The requested Party shall inform the requesting Party of the reply of the witness or expert.

2. In the case provided for under paragraph 1 of this Article the request or the summons shall indicate the approximate allowances payable and the travelling and subsistence expenses refundable.

3. If a specific request is made, the requested Party may grant the witness or expert an advance. The amount of the advance shall be endorsed on the summons and shall be refunded by the requesting Party.

ARTICLE 11

1. A person in custody whose personal appearance as a witness or for purposes of confrontation is applied for by the requesting Party, shall be temporarily transferred to the territory where the hearing is intended to take place, provided that he shall be sent back within the period stipulated by the requested Party and subject to the provisions of Article 12 in so far as these are applicable.

Transfer may be refused:

(a) if the person in custody does not consent,

(b) if his presence is necessary at criminal proceedings pending in the territory of the requested Party,

(c) if transfer is liable to prolong his detention, or

(d) if there are other overriding grounds for not transferring him to the territory of the requesting Party.

2. Subject to the provisions of Article 2, in a case coming within the immediately preceding paragraph, transit of the person in custody through the territory of a third State, Party to this Convention, shall be granted on application, accompanied by all necessary documents, addressed by the Ministry of Justice of the requesting Party to the Ministry of Justice of the Party through whose territory transit is requested.

A Contracting Party may refuse to grant transit to its own nationals.

3. The transferred person shall remain in custody in the territory of the requesting Party and, where applicable, in the territory of the Party through which transit is requested, unless the Party from whom transfer is requested applies for his release.

12. gr.

1. Eigi má á landssvæði beiðanda ákæra, hafa í haldi eða skerða á nokkurn hátt frelsi vitnis eða sérfróðs manns, hverrar þjóðar sem hann er, sem kemur samkvæmt stefnu fyrir dómsmálayfirvöld beiðanda vegna verknaða eða refsidóma, sem til komu áður en hann fór frá landssvæði aðilans sem beiðni er beint til.

2. Nú er manni, hverrar þjóðar sem hann er, stefnt fyrir dómsmálayfirvöld beiðanda til að svara fyrir verknaði sem hann er lögsóttur fyrir og má þá eigi ákæra hann, hafa hann í haldi eða skerða á nokkurn hátt frelsi hans vegna verknaða eða refsidóma, sem til komu áður en hann fór frá landssvæði aðilans sem beiðni er beint til og ekki er getið um í stefnunni.

3. Friðhelgi þeirri, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, lýkur þegar vitni eða sérfróður maður eða ákærður hefur haft tækifæri til að halda á brott um fimmtán daga samfellt tímabil frá því dómsmálayfirvöld þarfnast ekki nærveru hans lengur, en hefur dvalið áfram á landssvæðinu eða komið þangað aftur, ef hann hefur farið þaðan.

ARTICLE 12

1. A witness or expert, whatever his nationality, appearing on a summons before the judicial authorities of the requesting Party shall not be prosecuted or detained or subjected to any other restriction of his personal liberty in the territory of that Party in respect of acts or convictions anterior to his departure from the territory of the requested Party.

2. A person, whatever his nationality, summoned before the judicial authorities of the requesting Party to answer for acts forming the subject of proceedings against him, shall not be prosecuted or detained or subjected to any other restriction of his personal liberty for acts or convictions anterior to his departure from the territory of the requested Party and not specified in the summons.

3. The immunity provided for in this article shall cease when the witness or expert or prosecuted person, having had for a period of fifteen consecutive days from the date when his presence is no longer required by the judicial authorities an opportunity of leaving, has nevertheless remained in the territory, or having left it, has returned.

IV. KAFLI
Sakaskrá

13. gr.

1. Aðila sem beiðni er beint til ber að senda úrdrætti og upplýsingar úr sakaskrá, sem dómsmálayfirvöld samningsaðila óska eftir og þörf er á í sakamáli, að sama marki sem sams konar úrdrættir og upplýsingar úr sakaskrá kunna að vera fáanlegar fyrir eigin dómsmálayfirvöld í sambærilegum tilfellum.

2. Í öðrum tilfellum en ráð er fyrir gert í 1. tl. þessarar greinar ber að verða við beiðninni samkvæmt skilyrðum, er lög, reglugerðir og réttarvenjur aðila sem beiðni er beint til kveða á um.

CHAPTER IV
JUDICIAL RECORDS

ARTICLE 13

1. A requested Party shall communicate extracts from and information relating to judicial records, requested from it by the judicial authorities of a Contracting Party and needed in a criminal matter, to the same extent that these may be made available to its own judicial authorities in like case.

2. In any case other than that provided for in paragraph 1 of this Article the request shall be complied with in accordance with the conditions provided for by the law, regulations or practice of the requested Party.

V. KAFLI
Málsmeðferð

14. gr.

1. Í beiðnum um gagnkvæma aðstoð ber að geta um:

a. Yfirvald það sem beiðnina ber fram,

b. Efni og forsendur beiðninnar,

CHAPTER V
PROCEDURE

ARTICLE 14

1. Requests for mutual assistance shall indicate as follows:

(a) the authority making the request,

(b) the object of and the reason for the request,

c. Persónulýsingu og þjóðerni viðkomandi manns, eftir því sem unnt er, og

d. Nafn og heimilisfang þess, sem stefna á, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. Í réttarbeiðnum sem um getur í 3., 4. og 5. gr. skal einnig tilgreina afbrotið og hafa stutta lýsingu á málavöxtum.

15. gr.

1. Réttarbeiðnir sem um getur í 3., 4. og 5. gr. svo og beiðnir sem um getur í 11. gr. skal dómsmálaráðuneyti beiðanda stíla til dómsmálamálaráðuneytis aðila sem beiðni er beint til og ber að endursenda þær sömu leið.

2. Þegar mikið liggur við mega dómsmálayfirvöld beiðanda snúa sér beint til dómsmálayfirvalda aðilans sem beiðni er beint til. Ber að endursenda beiðnir ásamt viðeigandi málsskjölum þá leið, sem greinir í 1. tl. þessarar greinar.

3. Beiðnir sem um ræðir í 1. tl. 13. gr. geta viðkomandi dómsmálayfirvöld stílað beint til viðeigandi yfirvalda aðilans sem þeim er beint til og geta þau yfirvöld svarað beint. Beiðnir sem um getur í 2. tl. 13. gr. ber dómsmálaráðuneyti beiðanda að stíla til dómsmálaráðuneytis aðilans sem beiðni er beint til.

4. Beiðnir um gagnkvæma aðstoð, aðrar en þær sem getið er um í 1. og 3. tl. þessarar greinar og þá sérstaklega beiðnir um rannsókn áður en opinbert mál er höfðað, mega fara beint milli dómsmálayfirvalda.

5. Þegar bein sending er heimil samkvæmt samningi þessum getur hún farið fram fyrir milligöngu Alþjóðasamtaka sakamálalögreglu (Interpol).

6. Með yfirlýsingu, sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, getur sérhver samningsaðili við undirritun samnings þessa eða við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals tilkynnt að einhverjar eða allar beiðnir um aðstoð skuli sendar honum aðrar leiðir en ráð er fyrir gert í grein þessari eða beiðst þess í tilfelli sem ráð er fyrir gert í 2. tl. þessarar greinar að afrit af réttarbeiðnum verði jafnframt send dómsmálaráðuneyti aðilans.

7. Ákvæði greinar þessarar hafa ekki áhrif á ákvæði tvíhliða samninga eða samkomulags, sem í gildi er milli samningsaðila, þar sem kveðið er á um beinar sendingar aðstoðarbeiðna milli viðkomandi yfirvalda.

(c) where possible, the identity and the nationality of the person concerned, and

(d) where necessary, the name and address of the person to be served.

2. Letters rogatory referred to in Articles 3, 4 and 5 shall, in addition, state the offence and contain a summary of the facts.

ARTICLE 15

1. Letters rogatory referred to in Articles 3, 4 and 5 as well as the applications referred to in Article 11 shall be addressed by the Ministry of Justice of the requesting Party to the Ministry of Justice of the requested Party and shall be returned through the same channels.

2. In case of urgency, letters rogatory may be addressed directly by the judicial authorities of the requesting Party to the judicial authorities of the requested Party. They shall be returned together with the relevant documents through the channels stipulated in paragraph 1 of this article.

3. Requests provided for in paragraph 1 of Article 13 may be addressed directly by the judicial authorities concerned to the appropriate authorities of the requested Party, and the replies may be returned directly by those authorities. Requests provided for in paragraph 2 of Article 13 shall be addressed by the Ministry of Justice of the requesting Party to the Ministry of Justice of the requested Party.

4. Requests for mutual assistance, other than those provided for in paragraphs 1 and 3 of this article and, in particular, requests for investigation preliminary to prosecution, may be communicated directly between the judicial authorities.

5. In cases where direct transmission is permitted under this Convention, it may take place through the International Criminal Police Organisation (Interpol).

6. A Contracting Party may, when signing this Convention or depositing its instrument of ratification or accession, by a declaration addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, give notice that some or all requests for assistance shall be sent to it through channels other than those provided for in this article, or require that, in a case provided for in paragraph 2 of this article, a copy of the letters rogatory shall be transmitted at the same time to its Ministry of Justice.

7. The provisions of this article are without prejudice to those of bilateral agreements or arrangements in force between Contracting Parties which provide for the direct transmission of requests for assistance between their respective authorities.

16. gr.

1. Ekki er krafist þýðinga á beiðnum og meðfylgjandi málsskjölum, sbr. þó 2. tl. þessarar greinar.

2. Sérhver samningsaðili getur við undirritun samnings þessa eða við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals með yfirlýsingu sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins áskilið sér rétt til að leggja svo fyrir að beiðnir og meðfylgjandi málsskjöl skuli send honum ásamt þýðingu á tungumál hans eða annað hvort hinna opinberu tungumála Evrópuráðsins eða það hinna síðarnefndu tungumála sem hann tilgreinir. Aðrir samningsaðilar geta áskilið sér gagnkvæmni.

3. Grein þessi hefur ekki áhrif á ákvæði í samningum eða samkomulagi sem gert hefur verið eða gert verður milli tveggja samningsaðila eða fleiri um þýðingu beiðna eða meðfylgjandi málsgagna.

ARTICLE 16

1. Subject to paragraph 2 of this article, translations of requests and annexed documents shall not be required.

2. Each Contracting Party may, when signing or depositing its instrument of ratification or accession, by means of a declaration addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, reserve the right to stipulate that requests and annexed documents shall be addressed to it accompanied by a translation into its own language or into either of the official languages of the Council of Europe or into one of the latter languages, specified by it. The other Contracting Parties may apply reciprocity.

3. This article is without prejudice to the provisions concerning the translation of requests or annexed documents contained in the agreements or arrangements in force or to be made, between two or more Contracting Parties.

17. gr.

Sönnunargögn eða málsskjöl sem send eru samkvæmt samningi þessum þarfnast ekki staðfestingar að neinu leyti.

ARTICLE 17

Evidence or documents transmitted pursuant to this Convention shall not require any form of authentication.

18. gr.

Ef yfirvald, sem berst beiðni um gagnkvæma aðstoð, hefur ekki lögsögu til að framkvæma hana ber því ex officio að framsenda hlutaðeigandi yfirvaldi í landi sínu beiðnina og tilkynna beiðanda það beint, hafi beiðnin borist beint.

ARTICLE 18

Where the authority which receives a request for mutual assistance has no jurisdiction to comply therewith, it shall, *ex officio,* transmit the request to the competent authority of its country and shall so inform the requesting Party through the direct channels, if the request has been addressed through such channels.

19. gr.

Ef neitað er um gagnkvæma aðstoð ber að tilgreina ástæðu.

ARTICLE 19

Reasons shall be given for any refusal of mutual assistance.

20. gr.

Framkvæmd beiðna um gagnkvæma aðstoð skal ekki hafa í för með sér endurgreiðslu annarra útgjalda en þeirra sem leiða af kvaðningu sérfróðra manna á landssvæði aðilans sem beiðni er beint til eða flutningi samkvæmt 11. gr. á manni sem er í haldi, sbr. þó ákvæði 3. tl. 10. gr.

ARTICLE 20

Subject to the provisions of Article 10, paragraph 3, execution of requests for mutual assistance shall not entail refunding of expenses except those incurred by the attendence of experts in the territory of the requested Party or the transfer of a person in custody carried out under Article 11.

VI. KAFLI
Beiðni um höfðun opinbers máls

CHAPTER VI
LAYING OF INFORMATION IN CONNECTION WITH PROCEEDINGS

21. gr.

1. Beiðni sem samningsaðili setur fram um höfðun opinbers máls fyrir dómstólum annars að-

ARTICLE 21

1. Information laid by one Contracting Party with a view to proceedings in the courts of another

ila ber að senda milli viðkomandi dómsmálaráðuneyta nema samningsaðili noti sér þá leið sem ráð er fyrir gert í 6. tl. 15. gr.

2. Aðilanum sem beiðni er beint til ber að tilkynna beiðanda allar aðgerðir í sambandi við slíka beiðni og senda afrit dóms sem upp kann að vera kveðinn.

3. Ákvæði 16. gr. gilda um beiðnir, sem settar eru fram samkvæmt 1. tl. greinar þessarar.

Party shall be transmitted between the Ministries of Justice concerned unless a Contracting Party avails itself of the option provided for in paragraph 6 of Article 15.

2. The requested Party shall notify the requesting Party of any action taken on such information and shall forward a copy of the record of any verdict pronounced.

3. The provisions of Article 16 shall apply to information laid under paragraph 1 of this article.

VII. KAFLI
Skipti á upplýsingum úr sakaskrá

22. gr.

Sérhverjum samningsaðila ber að tilkynna sérhverjum aðila öðrum um alla dóma í sakamálum og síðari ráðstafanir varðandi ríkisborgara síðarnefnds aðila, sem færðar eru í sakaskrá. Dómsmálaráðuneyti skulu skiptast á slíkum upplýsingum a. m. k. einu sinni á ári. Þegar viðkomandi maður er talinn ríkisborgari tveggja eða fleiri samningsaðila ber að veita sérhverjum slíkum aðila upplýsingarnar nema maðurinn sé ríkisborgari þess aðila sem það landssvæði tilheyrir, þar sem hann var dæmdur.

CHAPTER VII
EXCHANGE OF INFORMATION FROM JUDICIAL RECORDS

ARTICLE 22

Each Contracting Party shall inform any other Party of all criminal convictions and subsequent measures in respect of nationals of the latter Party, entered in the judicial records. Ministries of Justice shall communicate such information to one another at least once a year. Where the person concerned is considered a national of two or more other Contracting Parties, the information shall be given to each of these Parties, unless the person is a national of the Party in the territory of which he was convicted.

VIII. KAFLI
Lokaákvæði

23. gr.

1. Við undirritun samnings þessa eða afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals getur sérhver samningsaðili gert fyrirvara varðandi eitt eða fleiri ákvæði samningsins.

2. Sérhver samningsaðili sem gert hefur fyrirvara skal afturkalla hann eins fljótt og aðstæður leyfa. Slíka afturköllun ber að gera með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

3. Samningsaðili sem gert hefur fyrirvara varðandi ákvæði samningsins getur ekki krafist þess að annar aðili beiti téðu ákvæði nema að því marki er hann sjálfur viðurkennir ákvæðið.

CHAPTER VIII
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 23

1. Any Contracting Party may, when signing this Convention or when depositing its instrument of ratification or accession, make a reservation in respect of any provision or provisions of the Convention.

2. Any Contracting Party which has made a reservation shall withdraw it as soon as circumstances permit. Such withdrawal shall be made by notification to the Secretary-General of the Council of Europe.

3. A Contracting Party which has made a reservation in respect of a provision of the Convention may not claim application of the said provision by another Party save in so far as it has itself accepted the provision.

24. gr.

Samningsaðili getur við undirritun samnings þessa eða afhendingu fullgildingar- eða aðildar-

ARTICLE 24

A Contracting Party may, when signing the Convention or depositing its instrument of ratifi-

skjals með yfirlýsingu sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins tilgreint hvaða yfirvöld hann telji dómsmálayfirvöld samkvæmt samningnum.

25. gr.

1. Samningur þessi nær til heimalandssvæða samningsaðila.

2. Að því er Frakkland varðar nær hann einnig til Alsír og landssvæða handan hafs og að því er Ítalíu varðar nær hann einnig til landssvæðis Somalilands sem lýtur ítalskri stjórn.

3. Sambandslýðveldinu Þýskalandi er heimilt með tilkynningu sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að láta samninginn einnig ná til Berlínarfylkis.

4. Að því er Holland varðar nær samningurinn til landssvæða þess í Evrópu. Hollandi er heimilt með tilkynningu sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að láta samning þennan einnig ná til hollensku Antilleseyjanna, Surinam og hollensku Nýju-Guineu.

5. Með beinu samkomulagi milli tveggja eða fleiri samningsaðila og með þeim skilyrðum sem ákveðin eru í því samkomulagi má einnig láta samning þennan ná til annars landssvæðis aðilanna en um getur í 1., 2., 3. og 4. tl. greinar þessarar, enda fari viðkomandi aðili með utanríkismál þess landssvæðis.

26. gr.

1. Samningur þessi, að því er varðar lönd þau sem hann nær til, kemur í stað ákvæða hvers kyns milliríkjasamninga, samþykkta eða tvíhliða samninga sem gilda um gagnkvæma aðstoð í sakamálum milli tveggja samningsaðila, sbr. þó ákvæði 7. tl. 15. gr. og 3. tl. 16. gr.

